

Fundargerð fyrsta aðalfundar/ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2013 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Halldór Pálmar Halldórsson tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð sem ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Halldór Pálmar tók því næst við sem fundarstjóri og kynnti dagskrá fundarins.

2. Hefðbundin aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár Þekkingarsetursins, sem var jafnframt hið fyrsta. Fjallað var um aðdragandann að stofnun setursins, markmið þess og helstu verkefni síðasta árs. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins www.thekkingarsetur.is

b) Ársreikningur síðasta árs

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2012 og útskýrði hann. Ársreikningurinn er endurskoðaður og áritaður af Lilju Dögg sem er löggiltur endurskoðandi. Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikninginn og var hann samþykktur samhljóða. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.

3. Starfsáætlun ársins 2013

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2013. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.



4. Önnur mál

- a) Kristinn Þór Jakobsson, bæjarfulltrúi í Reykjanebæ hvatti forsvarsmenn Þekkingarsetursins til að vera duglega að kynna starfsemi setursins fyrir bæjarstjórnnum sveitarfélaganna og eins þingmönnum af Suðurnesjum. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, benti á að líklega væri best að bjóða nýju þingmönnum í heimsókn fljótlega, áður en allt fer á fullt. Í kjölfar þessa áttu sér stað góðar umræður um Suðurnesin og rannsókn- og nýsköpunarstarf á svæðinu.

Önnur mál voru ekki fleiri og var fundi slitið kl. 17:15.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.